

Vinaliðar

Flúðaskóli tók þátt í vinaliðaverkefninu og er þetta 4.árið í röð sem Flúðaskóli tekur þátt. Í ár var þátttakan með breyttu sniði. Allir nemendur Flúðaskóla í 3.-10.bekk skiptust á að vera vinaliðar í stað tilnefninga/kosninga frá fyrri árum. Útfærsla verkefnisins í vetur var auk þess mismunandi á annars vegar yngsta- og miðstigi og hins vegar á unglingastigi. Var þetta gert í samráði við verkefnastjóra vinaliðaverkefnisins.

Námskeið

Sigríður Inga Viggósdóttir var nýr verkefnastjóri vinaliðaverkefnisins. Hún heimsótti Flúðaskóla tvisvar sinnum í vetur.

Námskeið 1 - miðvikudaginn 16. október.

9.55-10.15 - frímó
10.15-11.35 (3.-7.bekkur frh.)
11.35-12.10 matur
12.10-13.30 8.-10.bekkur.

Námskeið 2 - miðvikudaginn 12. febrúar.

9:15 nemendur í 3.-7. bekk út í íþróttahús, frímínútur á hefðbundnum tíma og íþróttahúsið aftur kl.10:15 - 11:35 (= 9:15-11:30). Eftir hádegið unglingadeildin, kl. 12:10-13:30.

3.-7.bekkur – fyrirkomulag og úfærsla

Vinaliðar störfuðu í löngu frímínútum mánudaga-fimmtudaga. Hver bekkur eða bekkir í samkenndu voru með verkefnið í u.þ.b. 1 mánuð. Fundað var í upphafi hverrar lotu með verkefnastjóra skólans sem sá um að setja upp fyrirkomulagið, koma til umsjónarkennara og hengja upp planið við innganginn á kennsluganginum. Ákveðið var eftir seinna vinaliðanámskeiðið að brjóta bekkina upp og velja af handahófi saman nemendur á mismunandi aldurstigi til þessa að vinna saman. Síðara verkefnið var nýfarið af stað þegar samkomubann vegna covid-19 veirunnar setti allt úr skorðum. Ákveðið var að hvíla verkefnið fram á haustið.

8.-10.bekkur – fyrirkomulag og útfærsla

Vinaliðar störfuðu einu sinni í viku og skiptust bekkirnir á að vera með útfærslu í íþróttahúsinu. Ágætis áhugi myndaðist í nokkur skipti hjá nemendum en síðan fjaraði undan. Ákveðið var að efla spilaáhuga nemenda og kom foreldrafélagið færandi hendi á 90 ára afmæli skólans. Óhætt er að segja að unglingastigið hafi tekið spilunum vel og mikið var spilað í frímínútum vetrarins. Sérstaklega þegar fyrirbærið „tækjalausar frímínútur“ var tekið

upp í samstarfi við nemendaráð. Ferðum út í íþróttahús fór hins vegar fækkandi en þar liggja tækifæri.

Samantekt

Það mæðir mikið á einum manni að halda úti þessu verkefni, ítrekuð beiðni sl. 4 ár um aðstoð annara starfsmanna skólans hefur enn ekki náð í gegn. Undirritaður er ekki í vafa að með auknu átaki fleiri aðila muni vinaliðaverkefnið dafna enn frekar. Verkefnið eykur fjölbreytileika í bæði frjálsum og skipulögðu skólastarfi. Samskipti þjálfast og fleiri finna sér eitthvað fyrir stafni.

Flúðum 4.júní 2020

Árni Þór Hilmarsson